



Kaup O.W. Bunker & Trading A/S á Grupo ABC Atlantic Bunker S.L.

1.

Með bréfi Gunnars Sturlusonar hrl. f.h. Wrist Group A/S, dags. 7. nóvember sl., var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup dótturfélags Wrist Group, O.W. Bunker og Trading A/S í Danmörku (hér eftir OW) á öllu hlutfé Grupo ABC Atlantic Bunker S.L. (hér eftir ABC). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdi einnig samningur um yfirtökuna, dags. 31. október 2006, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2005. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að OW sé hluti af Wrist Group sem sé alþjóðlegur þjónustuaðili í skipaðnaðinum. Wrist Group samstæðunni megi skipta í þrjá hluta, skipaþjónustudeild, almenna birgðaðjónustu við skip og olíubirgðaðjónustu sem sé starfsemi samrunafélagsins OW. Meginstarfsemi OW sé sala á olíuvörum út um allan heim til skipa sem milliliður en einnig selji félagið vörur af eigin birgðum. O.W. Icebunker Ltd. annist þjónustu félagsins í Norður-Atlantshafi.

Um ABC segir að félagið sé skráð á Spáni og selji olíuvörur aðallega til skipa á hafi úti. Félagið sé með aðsetur á Gran Canaria og veiti þjónustu sína að meginstefnu á hafi úti við strendur Spánar, Vestur og Norður-Afríku og í Austur Atlantshafi en einnig í höfnum á sama svæði.

Þá segir að eina starfsemi samrunaaðila sem skarist sé sala og dreifing á olíuvörum til skipa sem að mati samrunaaðila sé markaður málsins. Starfsemi ABC hafi að mestu leyti takmarkast við hafsvæðið í kringum Spán og norðvesturhluta Afríku en OW hafi starfsemi á heimsvísu. Samrunaaðilar telja sölu og dreifingu á olíuvörum til skipa á hafi úti vera alþjóðlegan markað. Starfsemi einstakra fyrirtækja sé sjaldnast takmörkuð við ákveðin landfræðileg svæði. Samrunaaðila leggja áherslu á að starfsemi fyrirtækja sem selji olíuvörur til skipa á hafi sé alþjóðleg og því ríki virk samkeppni á viðkomandi markaði. Þá

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



eigi slík fyrirtæki að sjálfsgöðu einnig í samkeppni við olúfélög sem veiti þjónustu í höfnum enda augljós staðganga á milli þjónustu þessara aðila.

3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn

hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa OW á ABC. Er vísað til þess að aðeins lítill hluti veltu ABC og OW er hér á landi og virðist ekki vera skörun á starfsemi félaganna sem hefur í för með sér röskun á samkeppni. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 31. október 2006, keypti O.W. Bunker & Trading A/S

allt hlutafé í Grupo ABC Atlantic Bunker S.L. Felur þessi yfirtaka í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson